

Fundarnúmer:	559
Dagsetning:	22.09.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

559. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 22. september 2008 kl. 10:00 í fundarsal að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2008.
2. Bréf Strætó bs.
3. Bréf Ingunnar Elsu Rafnsdóttur.
4. Bréf Veiðifélags Víðidalsár.
5. Bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.
6. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi.
7. Umsóknir um starf Umsjónarmanns skólamannvirkja.

Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri lögðu fram gögn vegna endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins 2008. Samþykkt að vísa endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2008 til afgreiðslu sveitarstjórnar.
2. Fram lagt bréf Strætó bs. þar sem sveitarfélögum er boðið að kaupa nemakort í strætó fyrir þá íbúa sína sem stunda viðurkennt nám á framhalds- eða háskólastigi á höfuðborgarsvæðinu. Byggðarráð samþykkir að Húnaþing vestra muni ekki kaupa slík kort. Byggðarráð mótmælir harðleg ákvörðun stjórnar Strætó bs. um að veita ekki öllum framhalds- og háskólanemum ókeypis aðgang að almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu óháð búsetu. Mikill meirihluti námsmanna stundar nám á höfuðborgarsvæðinu þar sem flestar menntastofnanir landsins eru staðsettar. Höfuðborgarsvæðið nýtur þeirrar sérstöðu á margvíslegan máta m.a. í formi umtalsverðra tekna vegna kaupa námsmanna á vöru og þjónustu svo og vegna húsnæðiskostnaðar námsmanna af landsbyggðinni. Því álitur byggðarráð að sú mismunun sem birtist í þessari ákvörðun stjórnar Strætó bs. sé mjög ósanngjörn og er stjórnin hvött til að taka hana til endurskoðunar hið fyrsta þannig að námsmenn njóti sömu kjara hvað varðar aðgang að almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.
3. Bréf Ingunnar Elsu Rafnsdóttur lagt fram. Í bréfinu beinir hún þeirri spurningu til sveitarstjórnar hvort ekki standi til að koma upp leikvelli á Hvammstanga. Byggðarráð felur tæknideild að kostnaðargreina mögulegan leikvöll á lóð sveitarfélagsins milli Hvammstangabrautar og Mánagötu.
4. Fram lagt bréf Veiðifélags Víðidalsár þar sem greint er frá því að ákveðið hefur verið að fram fari mæling á bakkalengd Víðidalsár vegna nýs arðskrármats.
5. Fram lagt bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem greint er frá gildistöku nýrra laga um almannavarnir. Sveitarstjóra falið að afla frekri upplýsinga.
6. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi lagt fram en þar er óskað umsagnar vegna umsóknar Helga Kristjánssonar f.h. N1 um leyfi til að reka veitingastað í flokki II í Staðarskála v/ Norðurlandsveg. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.
7. Fram lagðar umsóknir um starf Umsjónarmanns skólamannvirkja. Umsóknir bárust frá 6 einstaklingum. Byggðarráð felur skólastjóra grunnskóla, í samráði við leikskólastjóra og skólastjóra tónlistarskóla, að gera tillögu til byggðarráðs um ráðningu Umsjónarmanns skólamannvirkja.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:20.
Elín R. Línadal(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.).
Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).